

Verðlaun fyrir góða starfshætti 2018-2019

RAUNDAEMI



Ókeypis verkfæri á vefnum til að velja bestu ráðstafanir til að vernda starfsfólk gegn hættulegum reyk við logsuðu



STOFNUN/FYRIRTÆKI

Breska
vinnuverndarfélagið
(British Occupational
Hygiene Society)

LAND

Bretland

ATVINNUGREIN

Framleiðsla

VERKEFNI

Málmsuða

Bakgrunnur

Breska átakið sem nefndist: „Andið eðlilega í iðnaði“ var hleypt af stokkunum í maí árið 2017 í því skyni að vekja athygli á starfstengda lungnasjúkdóma sem stafa af reyk við logsuðu í framleiðsluiðnaði. Þó svo að rafsúða sé verk sem er algengast í framleiðsluiðnaði þá skortir á að fólk skilji nauðsyn eftirlits með útsetningu verkafólks fyrir skaðlegum reyk og hvernig eigi að framfylgja því. Af þessu leiðir að starfsfólk sem vinnur við suðu er í sérstaklega mikilli á hættu á að þjást af lungnavandamálum.

Breska vinnuverndarfélagið (BOHS), ásamt nokkrum öðrum lykil samtökum og framleiðslufyrirtækjum, þar á meðal Samtök verkalýðsfélaga (TUC), Unite the Union (breskt og írskt verkalýðsfélag), Make UK (Samtök iðnframleiðenda, áður EEF (Samband vinnuveitenda í verkfræði- og tæknigreinum)), framkvæmdastjórn heilbrigðis- og öryggismála og einkafyrirtækin Toyota, BAE Systems og TWI and JCB voru þátttakendur í átakinu. Til að hvetja til virkrar þátttöku atvinnurekenda og starfsfólks við að stjórna áhættuþáttum frá reyk við logsuðu, þá hafa þessi samtök samráð við meðlimi sína í því skyni að finna og skilgreina vandamál og atriði sem valda áhyggjum. Þetta leiðir í ljós að margir innan þessara iðngreina átta sig á því að stýring á reyk frá logsuðu er vandasamt verkefni og eru ekki vissir um það hvort stjórnbúnaður sem er til staðar í fyrirtækjum þeirra sé fullnægjandi eða viðeigandi.

Til að vekja fólk til vitundar um þessi mál, þá var gerð vefsíða sem inniheldur fjölda upplýsinga og leiðbeininga til að vekja athygli á logsuðu og reyk frá logsuðu. Þar sem ekki er til nein ein sérstök leið til að stýra útsetningu fyrir reyk frá logsuðu, þar sem lausnir eru byggja að miklu leyti á eðli verkefnisins, þá er

augljós þörf á því að bjóða starfsfólki og atvinnurekendum upp á auðveldu leið til að velja það úrræði sem best hentar á grundvelli hvers tilviks fyrir sig til að hafa stjórn á útsetningunni.



Heimild: Breska vinnuverndarfélagið

Markmið

Að þróa einfalt verkfæri á netinu sem auðvelt er að nota til að hjálpa starfsfólki og verkstjórum þess og stjórnendum að velja árangursrík úrræði til að hafa stjórn á reyk frá logsuðu og vernda heilsuna.

Hvað var gert og hvernig?

Nefnd sérfræðinga — úr iðnaði, frá ráðgjafarfyrirtækjum, háskólasamfélaginu og stjórnvöldum á sviði heilsu- og öryggismála— sem eru með gríðarlega reynslu í að koma í veg fyrir heilsutjón innan iðnframleiðslugeirans annaðist þróun Verkfæris á vefnum til að hafa stjórn á reyk frá logsuðu auk viðbótarráðgjafar.

Notendur verkfærisins eru spurðir fjögurra einfaldra spurninga sem fjalla um:

1. tegund logsuðu
2. efni sem verið er að logsjóða
3. tímann sem logsuðuverkið tekur
4. stærð þess efnishluta sem verið er að logsjóða.



Heimild: Breska vinnuverndarfélagið

Á grundvelli þeirra svara sem gefin eru við þessum spurningum, skilar verkfærið frá sér leiðbeiningum þar sem gerð er grein fyrir þeim ráðstöfunum sem best er að grípa til en til viðbótar eru upplýsingar um virkni, kostnað og takmarkanir svo og um bestu ráðin. Þessum leiðbeiningum fylgir röð skjala sem fjalla um:

- hönnun aðferða til að stýra útsetningu
- prófun starfshæfni, uppsetning, viðhald og prófun aðferðar við stjórnun
- þjálfun og verkstjórn logsuðumanna
- hvernig eigi að vakta heilbrigði öndunar logsuðumanna.

Þar sem sú lausn sem er ákjósanlegust til að stýra útsetningu er ekki alltaf möguleg eða viðráðanleg, þá kemur verkfærið einnig með tillögur um aðrar ráðstafanir. Sem hluti af þróunarferli verkfærisins, þá skoðaði teymið mismunandi valkosti við að stýra reyk

frá logsuðu og gaf þeim einkunn — frá einni til fimm stjarna — byggt á virkni þeirra við að koma í veg fyrir útsetningu reyks og áreiðanleika þeirra. Ráðstafanir gegn útsetningu, þar sem virkni þeirra byggist að miklu leyti á að starfsmenn fylgi stöðugt og af samkvæmni góðum verklagsreglum, sem dæmi, fá lága einkunn þar sem slíkar ráðstafanir eru metnar óáreiðanlegar. Þetta stjörnueinkunnakerfi auðveldar starfsfólki og verkstjórum þeirra að komast hratt að raun um hversu virk og áreiðanleg hver einstök ráðstöfun er sem verkfærið leggur til.

Verkfærið var prófað ítarlega af þróunarteyminu og af öðrum samstarfaðilum í áttatíu, og umbætur voru framkvæmdar á grundvelli þeirrar svörunar sem fékkst. Verkfærið var sett af stað og auglýst af BOHS, Make UK, TUC, Unite og fulltrúum úr iðnaðinum á röð kynninga sem studdar voru af EU-OSHA.

Hverju var áorkað?

Verkfærið „Stýring á reyk frá logsuðu“ er gjaldfrjálst og aðgengilegt öllum á vefsíðunni „Andið eðlilega í iðnaði“. Þó svo verkfærið sé hannað með hliðsjón af iðnframleiðslu þá eru þetta ómetanlegar upplýsingar fyrir hvaða vinnustað sem er, í hvaða geira sem er, þar sem logsuða fer fram. Verkfærið:


- vekur athygli á áhættu fyrir heilsu vegna útsetningar reyks frá logsuðu og á mikilvægi þess að stýra henni
- leggur til mismunandi aðferðir við að hindra útsetningu reyks frá logsuðu, sem eiga við um tiltekin logsuðuverk
- veitir lykilupplýsingar um áhættumat
- beinir sjónum einkum að starfsfólki við logsuðu sem eru í sérstaklega mikilli hættu vegna útsetningar hættulegs reyks
- vinnur bug á hindrunum fyrir því að verja starfsmenn með því að auðvelda stjórnendum og verkstjórum að finna og nýta viðeigandi ráðstafanir.

Verkfærinu hefur verið tekið vel af framleiðsluiðnaðinum og innan þriggja mánaða frá því það var sett í loftið í nóvember 2018 hafði verkfærið verið notað yfir 1.700 sinnum og búið var að hlaða niður leiðbeiningum meira en 200 sinnum.

Árangur

Þróun verkfærisins var árangur hollustu og stuðnings nokkurra áhrifamikilla framleiðslufyrirtækja og samtaka — þar á meðal verkalýðsfélaga og yfirvalda á sviði öryggis- og heilbrigðismála — sem viðbrögð við áhyggjum sem starfsfólk og atvinnurekendur höfðu vakið athygli á. Af þessum sökum þá er verkfærið svar við raunverulegri þörf innan iðnframleiðslugeirans.

Verkfærið gerir sjálfu starfsfólkinu kleift að taka þátt í því að velja þær úrræði sem best eiga við varðandi reyk frá logsuðu; en slík þátttaka starfsmanna er lykillinn að árangurrikri forvörn.



Heimild: Breska félagið um hollustuhætti á vinnustöðum

Þó svo stutt er síðan verkfærið var tekið í notkun þá hefur það nú þegar vakið umtalsverðan áhuga og hafa t.d. Framkvæmdastjórn heilbrigðis- og öryggismála Bretlands og Vinnuverndarstofnunarinnar komið því á framfæri og mælt með notkun þess. Lykiltímarit innan þessa atvinnugeira hafa einnig fjallað um opnun verkfærisins og eru að kynna notkun á því. Slík viðleitni að auglýsa verkfærið og vekja athygli á ávinningi af notkun þess fyrir fyrirtæki og starfsfólk er líklegt til að leiða til frekari upptöku þess.

Yfirfærsla

Verkfærið er til frjálsra afnota og öllum aðgengilegt, þannig að þetta er nýtsamleg upplýsingaveita fyrir hvaða fyrirtæki eða samtök sem er og í hvaða geira sem er þar sem logsuða fer fram. Þar að auki er hægt að nota verkfærið í hvaða landi sem er, sé það þýtt yfir á viðkomandi tungumál.

Kostnaður og ávinningur

Vinnutengdir lungnasjúkdómar, þ.á.m. krabbamein, berkjubólga, lungnabemba og astma geta dregið mjög mikið úr þrótti einstaklings og þannig haft áhrif á getur hans til vinnu. Þetta hefur í för með sér fjárhagslegar afleiðingar fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra, atvinnurekendur, heilbrigðisþjónustuna og samfélagið. Verkfærið sjálft er gjaldfrjálst og með því að verja starfsmenn gegn reyk frá logsuðu er hægt að nota það til þess að draga stórlega úr kostnaði sem fylgir vinnutengdum lungnasjúkdómum. Ekki einungis það, því með því að nota tækið geta fyrirtæki hugsanlega komist hjá því að eyða fjármunum og öðrum aðföngum með ófullnægjandi stýringu ráðstafana.

Lykilþættir sem dæmi um góða starfshætti

- Verkfærið er til frjálsra afnota og er hentug viðbót sem stuðlar að því að verja starfsfólk gegn hættulegum reyk frá logsuðu, ekki eingöngu í iðnframleiðslugeiranum heldur á öllum vinnustöðum þar sem logsuða fer fram, og hugsanlega í hvaða landi sem er.
- Verkfærið var próað í samráði við leiðandi samtök á sviði öryggis- og heilbrigðismála, samtök verkalýðsfélaga og iðnframleiðslufyrirtækja, og jafnframt sem viðbrögð við áhyggjum starfsfólks og atvinnurekenda.
- Notkun verkfærisins bætir núverandi starfshætti varðandi stýringu reyks frá logsuðu og ýtir undir þátttöku starfsmanna í forvörnum.

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar má finna á

<http://www.breathefreely.org.uk/wst/>

Heimildir og úrræði

<http://www.bohs.org/>

<http://www.breathefreely.org.uk>

<http://www.hse.gov.uk/welding/index.htm>

<https://www.iosh.com/more/news-listing/employers-urged-to-protect-workers-from-cancer-causing-welding-fumes/>

„Þetta gjaldfrjálsa verkfæri stuðlar að því að verja starfsfólk gegn hættulegum reyk frá logsuðu, ekki eingöngu í iðnframleiðslugeiranum heldur á öllum vinnustöðum þar sem logsuða fer fram.“